

KVIKMYNDATÓNLIST - JOHN WILLIAMS

Michael Krajewski, hljómsveitarstjóri



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**

2009/10



aðalstyrktaraðilar

BORGUN

Morgunblaðið



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Tónleikar í Háskólabíói 22. og 23. október 2009 kl. 19:30

Michael Krajewski, hljómsveitarstjóri

KVIKMYNDATÓNLIST JOHN WILLIAMS

Ólympíustef (1984)

Kúrekarnir, forleikur (1972)

Ókindin, aðalstef (1975)

E.T.: Flugstefið (1982)

Harry Potter og viskusteinninn: Stef Hedwigs (2001)

Listi Schindlers, aðalstef (1993)

Júragarðurinn, aðalstef (1993)

Hlé

Leitin að týndu örkinni, mars (1981)

Tónlist úr Stjörnustríði (1977-83):

Aðalstef

Skrúðganga

Stef Anakins

Hetjuslagur

Keisaramars

Stef Yoda

Lokastef



Tónleikarnir á fimmtudag eru í
beinni útsendingu á Rás 1 og síðan
aðgengilegir í fjórar vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum á
meðan tónleikur stendur.



Erich Kunzel, stjórnandinn heimskunni sem upphaflega átti að stjórna þessum kvikmyndatónleikum, lést 1. september síðastliðinn og því var Michael Krajewski fenginn í hans stað. Krajewski er þekktur fyrir flutning sinn á kvikmyndatónlist og stýrir svokölluðum „pops“-tónleikum víða um Bandaríkin, er m.a. fastráðinn við sinfóníuhljómsveitirnar í Houston og Jacksonville auk þess sem hann kemur fram nokkrum sinnum á ári með Sinfóníuhljómsveitinni í Atlanta. Þá hefur hann stjórnað Boston Pops- og Hollywood Bowl-hljómsveitunum, og Sinfóníuhljómsveitunum í San Francisco, Dallas, Detroit, Baltimore og St. Louis, svo aðeins örfáar séu nefndar. Meðal

tónlistarmanna og -hópa sem hann hefur komið fram með má nefna flautuleikarann James Galway, píanóleikarann Aliciu de Larrocha, Robertu Flack, Art Garfunkel, Cab Calloway og Pink Martini.

Krajewski nam tónlist við háskólana í Detroit og Cincinnati, og vann stöðu aðstoðarstjórnanda Detroit-sinfóníuhljómsveitarinnar strax að loknu námi. Hann býr í Flórída ásamt eiginkonu sinni, og auk tónlistarinnar er hann áhugamaður um ljósmyndun, hjóltreiddar og krossgátur.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI:

Sinfóníuhljómsveitin hefur spilað tónlist Johns Williams alloft áður, en aldrei fyrr helgað honum heila tónleika. Meðal annars lék sveitin tónlist úr Júragarðinum undir stjórn Osmos Vänskä árið 1995, þætti úr Stjörnustríði 1998 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar og kafla úr Schindler's List árið 2002 undir stjórn Bernharðar Wilkinsonar.

JOHN WILLIAMS

Kvikmyndatónlist



John Towner Williams (f. 1932) er tvímælalaust einn áhrifamesti tónlistarmaður samtímans þegar þess er gætt að vart finnst það mannsbarn í hinum vestræna heimi sem ekki hefur hrifist af tónlist hans fyrir kvikmyndir. Ferill Williams spannar sex áratugi og fleiri metsölu kvikmyndir en nokkurt annað tónskáld getur státað af. Hann hefur samið tónlist fyrir ferna Ólympíuleika, unnið til fimm Óskarsverðlauna og hreppt Grammy-verðlaunin í 21 skipti. Hann hefur verið tilnefndur til Óskarsins samtals 45 sinnum og þar skákar honum enginn nema Walt Disney.

Williams fæddist í New York, sonur djasstrommara sem lék með kvintetti Raymonds Scott, en fluttist ungur til Los Angeles með foreldrum sínum. Hann gekk í Kaliforníu-háskóla og lærði tónsmíðar hjá Mario Castelnuovo-Tedesco sem var merkt tónskáld frá Ítalíu, af gyðingaættum og flýði fasismann árið 1939. Þegar Williams hafði lokið háskólanámi tók við þriggja ára þjónusta í flugher Bandaríkjanna en að henni lokinni hélt hann aftur á æskulóðir í New York, nú til að nema píanóleik við Juilliard-tónlistarháskólann hjá Rosinu Lhévinne. Hún var annar innflytjandi frá gamla heiminum og hálfgerð goðsögn í lifanda lífi, upphaflega frá Úkraínu og átti merkan

feril í Berlín á fyrstu áratugum síðustu aldar, en fluttist vestur um haf að lokinni fyrri heimsstyrjöldinni. Við Juilliard kenndi hún fjölda merkra tónlistarmanna; í nemendahópnum voru m.a. píanistinn Van Cliburn og hljómsveitarstjórinn James Levine. Því má ljóst vera að Williams er hámenntaður klassískur tónlistarmaður þótt ferillinn hafi snemma tekið óvænta beygju.

Á námsárunum við Juilliard vann Williams fyrir sér sem djasspíanisti á klúbbum borgarinnar og lék af og til inn á kvikmyndir, m.a. fékk Henry Mancini hann til að taka upp með sér tónlistina við *Peter Gunn* (1959) og *Daga víns og rósa* (1962). Þegar náminu lauk hélt hann aftur til Hollywood, fékk þar starf sem útsetjari og vann með helstu tónskáldum draumaverksmiðjunnar, m.a. Franz Waxman, Bernard Herrmann og Alfred Newman. Williams vakti fljótt athygli fyrir fjölbærni sína; ekki höfðu allir jafn breiðan bakgrunn í tónlistinni eins og hann sem var jafnvígur á djass, klassík og tónlist fyrir hvíta tjaldið. Fyrsta stóra frumsamda kvikmyndatónlist Williams var við B-myndina *Daddy-O* árið 1958, og hann hlaut fyrstu Óskartilnefningu sína árið 1967 fyrir *Valley of the Dolls*. Árið 1971 lagaði hann söngleikinn *Fíðlararn á þakinu* að hvíta tjaldinu og vann um svipað leyti að nokkrum stórum hamfaramyndum, m.a. *The Poseidon Adventure* og *Earthquake*. Elsta tónlistin sem hljómar í kvöld er úr vestranum *The Cowboys*, sem var ein síðasta myndin sem John Wayne lék í.


Það var árið 1974 sem ungur leikstjóri að nafni Steven Spielberg kom að máli við Williams og falaðist eftir kröftum hans við fyrstu mynd sína í fullri lengd, *The Sugarland Express*. Ári síðar unnu þeir aftur saman að *Jaws*; í þeirri tónlist fangar Williams fullkomlega spennuna í mynd Spielbergs enda hlaut hann fyrir fyrstu Óskarsverðlaun sín fyrir frumsamda tónlist. Næsta samstarf þeirra var við *Close Encounters of the Third Kind*, og þar átti Williams stærri þátt í hugmyndaferlinu en gerist og gengur í kvikmyndaheiminum. Eftir tveggja ára vinnu höfðu þeir þróað fimm-tóna stef – byggt á kerfi ungerska tónskáldsins Zoltáns Kodály – sem gæti hentað bæði sem bakgrunnstónlist og tónmerki frá geimskipi.

Um þetta leyti var vinur Spielbergs, leikstjórinn George Lucas, farinn að leggja drög að *Stjörnustríði* og Spielberg mælti með Williams í starfið. Nú samdi hann risavaxið símfóníuskor í anda Wagners og Richards Strauss, með leiðstögustefjum sem gefa til kynna persónur eða atburði eftir því sem myndinni vindur fram. Williams hefur samið tónlistina við allar sex myndirnar og til að gefa hugmynd um umfangið má nefna að það myndi taka um 14 klukkustundir að flytja tónlistina við *Stjörnustríð* í heild sinni. Árið 2005 stóð Bandaríska kvikmyndaakademían fyrir því að útnefna

bestu kvikmyndatónlist allra tíma og þarf varla að koma á óvart að þar hafi *Stjörnustríð* orðið fyrir valinu. Síðan hefur varla liðið það ár að Williams eigi ekki tónlistina í einhverri metsölumyndinni, og flest helstu afrek hans má heyrja á tónleikum kvöldsins. Um þessar mundir vinnur Williams að tónlistinni við fyrstu afþremur fyrirhuguðum Tinna-myndum sem Peter Jackson leikstýrir.

John Williams hefur einnig vakið athygli fyrir önnur tónlistarstörf en kvikmyndatónsmíðar. Hann stjórnaði Boston Pops-hljómsveitinni frá 1980-1993, og hefur auk þess samið fjölda alvarlegri tónverka.

Meðal þeirra er sínfónía, konsertar fyrir horn, klarínnett, sellókonsert frumfluttur af Yo-Yo Ma 1994, trompetkonsert og túbukonsert. Hann hefur samið stef fyrir ferna Ólympíuleika (1984, 1988, 1996 og 2002), og nýverið frumflutti Sínfóníuhljómsveitin í Boston nýjustu tónsmíð hans, *Seven for Luck* fyrir sópraneinsöng og hljómsveit. En hvað er það sem gerir tónlist Williams svo áhrifaríka og eftirminnilega? Hann er fundvís á góðar laglínur, en tekst ávallt að flétta þær saman við fleiri áhugaverðar línur svo úr verður tónvefur sem grípur og heldur athygli hlustandans. Hann hefur næman skilning á tilfinningalegu innihaldi atriðanna sem hann undirstrikar enn frekar með tónlist sinni, og fáir standast honum snúning þegar kemur að útsetningu hans fyrir hljómsveit. Þar hefur hann lært góðar lexíur af nokkrum helstu meisturum „klassíska“ heimsins á fyrri hluta 20. aldarinnar: Richard Strauss, Gustav Holst og Sergei Rakmaninoff svo aðeins nokkrir séu nefndir. Ekki hefur hann síður sótt í smíðju Aarons Copland, sem með heiðskírur verkum á borð við *Fanfare for the Common Man* og *Appalachian Spring* skapaði nýjan amerískan stíl sem Williams hefur þróað áfram í tónlist sinni. Það er því ekki síður vel við hæfi að heyra tónlist hans í „konsertbúningi“ með lifandi sínfóníuhljómsveit – jafnvel þótt í kvikmyndahúsi sé – því að þannig verða tengslin við eldri meistarana enn skýrari en ella.





Það eru fá tónskáld í gjörvallri sögunni sem njóta viðlíka vinsælda og Wolfgang Amadeus Mozart. Skammt er síðan kvikmyndin Amadeus var sýnd hér á landi í viðurvist leikstjórans, Milosar Forman, og á næstu tónleikum SÍ verða þrjú frægustu verka hans flutt. Má fullyrða að þar geti allir fundið eitthvað við sitt hæfi.

Þar ber fyrst að nefna klarínnettukonsertinn guðdómlega, sem var eitt allra síðasta verkið sem Mozart samdi fyrir andlát sitt. Konsertinn leikur sænski klarínnettusnillingurinn Martin Fröst, sem er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2009-10. Hann hefur fyrir löngu skipað sér í hóp fremstu tónlistarmanna Norðurlanda, hefur hlotið ótal verðlaun og komið fram í virtustu tónleikasölum heims.

Auk þess verða á efnisskránni tvö önnur ódauðleg tónverk eftir meistara Amadeus, sívinsæll og fjörugur forleikurinn að Brúðkaupi Figarós og hin tilfinningaþrungna símfónía nr. 40, sem hann samdi þegar hann var í hvað mestum fjárhagskröggum sumarið 1789.

Stjórnandinn, Matthew Halls, er aðalstjórnandi King's Consort-tónlistarhópsins og hefur getið sér frábært orð fyrir túlkun sína á barokk- og klassískri tónlist.

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist til að koma manni í hið sanna jólaskap. Á aðventutónleikum SÍ hljómar jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja af okkar fremstu söngvurum. Gissur Páll Gissurarson er einn efnilegasti ungi söngvari sem komið hefur fram á síðustu árum, og Ingibjörg Guðjónsdóttir hefur vakið mikla og verðskuldaða athygli fyrir gullfallega rödd og hrífandi sviðsframkomu. Á tónleikunum 11. desember syngja þau undir stjórn Daníels Bjarnasonar, sem sömuleiðis hefur vakið mikla athygli bæði fyrir hljómsveitarstjórn sína og tónsmíðar, ekki síst með píanókonsertinum sem hann samdi fyrir Víking Heiðar Ólafsson og sem sló í gegn svo um munaði á Myrkum músíkdögum fyrir á árinu.

Efnisskráin er samansafn af einstökum gullmolum: Jólakonsertinn eftir Corelli, ariur úr Messíasi og Jólaóratóriunni, Ave María eftir Sigvalda Kaldalóns og Ó helga nótt, svo aðeins fátt eitt sé nefnt. Þeir sem hafa yndi af sigildri jólatónlist láta sig ekki vanta á þessa frábæru tónleika.



HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 22. & 23. OKTÓBER 2009

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Una Sveinbjarnardóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Martin Frewer
Margrét Kristjánsdóttir
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Ari Þór Vilhjálmsson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Mark Reedman
Ólöf Þorvarðsdóttir
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Joanna Bauer

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Kathryn Harrison
Sesselja Halldórsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Inga Rós Ingólfssdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Auður Ingvadóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Kristjana Helgadóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jessica Buzbee
David Bobroff, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Þákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLIÓÐ / MYND

Sónata í A fyrir bragðlaukana

*Komdu á Skrúður áður en
þú ferð á tónleikana
og kvöldið verður ógleymanlegt.*



PIPAE • SÍA • 2017

Skrúður
bistro • restaurant • bar

Hótel Sögu / S: 525 9970 / www.skrudur.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Heyrðu mig nú!

ELDFUGLINN

Fös. 06.11.09 » 21:00

Verð aðeins 1.500 kr.

• **Stravinskíj:** *Eldfuglinn*

Rumon Gamba hljómveitarstjóri

Heyrðu mig nú! eru klukkutíma langir föstudagstónleikar fyrir ungt fólk á bíóverði. Stutt kynning á undan og partý á eftir, þar sem þú getur spurt stjórnanda og spilara: Hvað er nú þetta?



AÐALSTYRKARÁÐILAR

BORGUN

Morgunblaðið